

## Erindi til Menningar- íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur varðandi aðstöðu íþróttafélagsins Leiknis – Leyfiskerfi KSÍ

Fyrir komandi leiktíð 2022 þarf Leiknir R. að sækja aftur um undanþágu vegna aðstöðuleysis áhorfenda knattspyrnuleikvangi Leiknis R.

Í Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga (nóvember 2020) segir í Grein 21 – Fjöldi áhorfenda. 21.2 í f) lið *A.m.k. helmingur sæta á leikvangi skal vera yfirbyggður, og innifalið í því skal alltaf vera fjölmiðlastúka og heiðursstúka.*

Stúkan hjá Leikni tekur 524 í sæti og því er ljóst að byggja þarf stúku yfir stæðin til að uppfylla skilyrðin. Teljum að yfirbygging þyrfti að vera fyrir amk. 280-300 áhorfendur.

Leiknir R. fékk undanþágu fyrir leiktímabil 2015 og núna í fyrra 2021. Félagið leikur aftur í efstu deild árið 2022. KSÍ getur gefið undanþágur ef fyrir liggur framkvæmdaáætlun um uppbyggingu á bættri aðstöðu áhorfenda.

Félagið vill samt í ljósi þess að leiktímabil mun lengjast og nokkuð ljóst að félagið getur ekki byrjað að spila á heimavelli eins og völlurinn er núna, og ekki heldur endað tímabilið þar, þar sem völlurinn stendur það hátt yfir sjávarmáli að hann er aldrei tilbúin svo snemma. Íslandsmótið hefst 18. apríl og lýkur 29. október. Eins hefur félagið lagt í mikla sókn til að efla kvennastarf félagsins og því styttest í að þröngt verði um æfingar fyrir alla flokka félagsins á því eina gervigrasi sem nú er til staðar. Því leggjum við til að áður en ráðist verður í yfirbyggingu á stúku að farið verði í framkvæmdir að skipta út grasvelli félagsins sem er aðalvöllur félagsins í dag út fyrir gervigras (hybrid). Annars er hætt við því að ný yfirbygging nýtast illa þar sem völlurinn væri ekki tilbúinn í byrjun leiktímabils og hugsanlega orðin mjög lélegur í loktímabils ef hann væri þá notanlegur. Við þær aðstæður sem félagið býr við í dag skekkir samkeppnisstöðu félagsins.

Það er því ósk Leiknis R. að Reykjavíkurborg sýni stuðning við tillögu Leiknis R. með viljayfirlýsingu um uppbyggingu á gervigrasvelli í stað aðalvallar og svo í framhaldi eða samhliða yfirbyggingu yfir stæði við aðalvöll sem væri fyrir amk. 280-300 manns.

LEIKNIR

**Framkvæmdaáætlun**

2022 – janúar, tillaga lögð fyrir Menningar- íþróttá- og tómstundaráð Rvk

2022 – febrúar, rannsóknir og leitað til verkfræðinga/hönnuða

2022 – mars/apríl, leitað tilboða

2022 – apríl-september, grenndarkynning

2022 – október framkvæmdir hefjast

2023 – mars verklok

Reykjavík 17. Janúar, 2022

Með kveðju,

Leiknir Reykjavík